



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Íslenska hægferð

ÍSLE1RX05

Kennsluáætlun – haustönn 2025

Kennarar áfangans:

Kristjana Hallgrímsdóttir, kristjanah@fsu.is

Stefán Hannesson, stefanhanness@fsu.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum taka nemendur hefðbundna íslenskuáfanga á 1., 2. eða 3. þrepi á sínum eigin hraða. Gert er ráð fyrir að nemendur ljúki sínum áfanga á tveimur til þremur önnum, en einnig er í boði að ljúka áfanganum á einni önn ef nemandi treystir sér til. Nemendur sem voru í þessum áfanga á vorönn 2025 halda áfram þaðan sem frá var horfið. Nýir nemendur fá kennsluáætlun síns áfanga frá kennara.

Kröfur og verkefnaskil:

- Ætlast er til að nemendur taki að fullu þátt í kennslustundum, fylgist með innlögnum, skrái glósur, vinni verkefni og taki þátt í umræðum. Því betur sem nemendur sinna vinnu í kennslustundum, því minna verður heimanámið. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögn fer eingöngu fram í kennslustundum. Mæti nemandi ekki í tíma af einhverjum ástæðum eykst heimavinna nemenda.
- Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema með samþykki kennara og þá aðeins að því tilskyldu að það þurfi að nota hann í tengslum við námið.

Námsmat

- Námsmat er byggt á námsmati þess áfanga sem nemandi tekur í RX. Ef nemandi **klárar** námsefnið í sínum áfanga fær hann einingarnar þaðan, og L (lokið án eininga) fyrir RX.
- Ef nemandi **klárar ekki** námsefni síns áfanga fær hann lokaekinn (Staðið eða Fallið) fyrir vinnuframlag sitt í RX, og jafnframt einingar fyrir RX.
- Ef að nemandi hefur ekki lokið almennum áfanga eftir 3 annir, er réttast að viðkomandi taki hlé í viðkomandi fagi.
- Mat á stöðu nemanda er best að taka í samtali umsjónarkennara og fagkennara við lok annar ef þörf krefur.

Gert með fyrirvara um breytingar, Selfossi, 14. ágúst 2025.

Íslenskukennarar.

